

Sp.

633. Fyrirspurn

[347. mál]

til forsætisráðherra um viðræður við Alusuisse.

Frá Svavari Gestssyni og Kjartani Jóhannssyni.

1. Hvert var tilefni ferðar forsætisráðherra til Sviss fyrri hluta marsmánaðar til viðræðna við Alusuisse og hvenær var ferðin ákveðin?
2. Fór forsætisráðherra til Sviss í þessar viðræður við Alusuisse í umboði iðnaðarráðherra eða í samráði við hann?
3. Hversu margir fundir voru haldnir og hve lengi stóðu þeir?
4. Hvaða forustumenn Alusuisse sóttu fundina?
5. Hver var niðurstaða viðræðnanna?
6. Hefur verið fjallað um niðurstöðu viðræðnanna í ríkisstjórn þegar þessi fyrirspurn er lögð fram?

Skriflegt svar óskast.